

Brjef stjórnarráðsins til póstmeistarans í Reykjavík um að Vatneyri í Barðastrandarsýslu verði gjörð að póstafgreiðslustað. 125
3. nóv.

Samkvæmt tillögum yðar, herra póstmeistari, í brjefi, dags. 22. f. m., skal hjermeð ákveðið, að í stað brjefhirðingar þeirrar, sem nú er á Vatneyri við Patreksfjörð, verði þar sett á stofn póstafgreiðsla frá næsta nýári að telja.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til frekari ráðstafana eptir því sem við á.

Til allra sóknarpresta landsins. Að gefnu tilefni þykir stjórnarráðinu rjett að benda yður, velæruverðugi herra, á það skilyrði nügildandi fjárlaga fyrir landssjódsstyrk handa sveitakennurum, að styrkur þessi veitist aðeins gegn því, að kennararnir fái úr sveitarsjóði eða annarstaðar að, auk fæðis, að minnsta kosti helming móts við landssjódsstyrkinn. 126
6. nóv

Framvegis verða því að fylgja kennsluskýrslum sveitakennara greinilegar skýrslur um kaup þeirra, og verður að taka beint fram, hvað kennarinn hafi í laun, auk fæðis (eða fæðispeninga, sem þá verður að tilgreina). Annars verður kennurunum enginn styrkur veittur úr landssjóði.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og birtingar sveitakennurum í prestakalli yðar.

Brjef stjórnarráðsins til póstmeistarans í Reykjavík um flutning póstafgreiðslunar í Kirkjubæjarklaustri í Vesturskaptafellssýslu að Prestsbakka í sömu sýslu. (Ágrip). 127
22. nóv.

Samkvæmt tillögum yðar, herra póstmeistari, í brjefi, dags. 13. þ. m., hefur stjórnarráðið ákveðið, að póstafgreiðslan í Kirkjubæjarklaustri í Vesturskaptafellssýslu skuli flutt að Prestsbakka í sömu sýslu.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu um flutning þingstaðar. 128
1. desbr.

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefum, dagsettum 3. marz og 6. október þ. á., og beiðni hreppsnefnarinnar í Arnarneshreppi, veitir stjórnarráðið hjermeð samþykki sitt til þess, að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Hjalteyri að Ytra Bakka, með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um að til verði hæfilegt hús til þinghalda á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

Brjef stjórnarráðsins til biskupsins yfir Íslandi um embættislað handa Hvanneyrarprestakalli. 129
6. desbr.

Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í brjefi, dagsettu 23. f. m., og beiðni hlutaðeiganda veitir stjórnarráðið samþykki sitt til þess, að presturinn